



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/55

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1416
komudagur 3. 3. 2003

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefnasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

28. febrúar 2003

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 og um Viðlagatryggingu Íslands nr. 55/1992, 119. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 13. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint frumvarp. Í hnotskurn sýnist felast í frumvarpinu, að í stað **brunabótamats** skv. matsreglum Fasteignamats ríkisins, skuli **endurstofnverð** skv. matsreglum FMR, sem ekki er nánar skilgreint, mynda váttryggingarfjárhæð í lögboðnum brunatryggingum og viðlagatryggingum húsa. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Flutningsmenn frumvarpsins benda á, og það réttilega, að mikill munur hafi verið á brunabótamati sambærilegra húseigna hér á landi. Hafi sá munur komið skýrlega fram, er Viðlagatrygging Íslands hafi farið að bæta tjón á húseignum, sem urðu í Suðurlands skjálftunum í júnímánuði árið 2000. Þá kemur efnislega fram í greinargerð með frumvarpinu, að Viðlagatrygging Íslands sýnist hafa gengið að einhverju leyti lengra í því að lækka bætur vegna altjóns húseigna vegna ástands þeirra en almennu félögin hafi gert, er altjón af völdum bruna hafi verið bætt. Fram á árið 1994 var brunabótamat eingöngu unnið af dómkvöddum matsmönnum, en þeir voru tveir í hverju sveitarfélagi landsins, stórum sem smáum. Á árinu 1994 í kjölfar lagasetningar tók Fasteignamat ríkisins (FMR) að langmestu leyti yfir starf hinna dómkvöddu matsmanna. FMR mótaði þá ákveðnar matsreglur, en störf hinna dómkvöddu matsmanna hafði lítt byggst á samræmdri aðferðarfræði. Af þessum ástæðum gat gætt verulegs misræmis á brunabótamati húseigna, bæði eftir sveitarfélögum og innan sama sveitarfélags, í síðara tilvikinu eftir því hvenær matið fór fram. Eftir því sem næst verður komist mun sumarið 2000, er Suðurlands skjálftarnir dundu yfir, einungis um 25% gildandi brunabótamats hafa verið unnið af FMR, en 75% af dómkvöddum matsmönnum, og voru sumar þeirra matsgerðar komnar til ára sinna. Þetta var auðvitað afleit staða.

2. Í því skyni að skjóta styrkari stoðum undir efni og gerð brunabótamats húsa, m.a. varðandi sanngjarnar afskriftir, og til að ná fram samræmingu í mati milli eigna, var lögum nr. 48/1994 breytt, sbr. lög nr. 34/1999. Reglugerð var sett lögnum til fyllingar, sbr. reglugerð 809/2000 um lögboðnar brunatryggingu húseigna. Sú reglugerð var ekki komin til sögu, er Suðurlandsskjálftarnir urðu. Samkvæmt framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum skal brunabótamat nú miðast við að váttrygging taki til húseignar ásamt venjulegu fylgifé slíkrar eignar og áætluðum kostnaði við hreinsun rústa skv. nánari matsreglum FMR. Ítarlegar matsreglur FMR hafa verið settar, og eru innbyggðar í þær hóflegar og sanngjarnar afskriftareglur, sem taka mið af aldri og ástandi húseignar. Þetta brunabótamat er bindandi fyrir Viðlagatryggingu Íslands rétt eins og fyrir almennu váttryggingafélögin. Af því leiðir, að Viðlagatrygging Íslands getur ekki miðað við núgildandi reglur lækkað bætur vegna altjóns umfram það, sem í gildandi brunabótamati eignar hefur þegar verið gert, og borið fyrir sig verðyrnun húseigna nema í hreinum undantekningartilvikum. Hið sama á við um váttryggingafélög, sem bjóða lögboðnar brunatryggingar.
3. Að mati undirritaðs er lagaramminn um gerð og efni brunabótamats, og þar með um váttryggingarfjárhæðir í viðlagatryggingu og lögboðnum brunatryggingum húseigna, loksins kominn í eðlilegt horf. Jafnframt er nauðsynlegt samræmi í matinu nú fyrir hendi. Í brunabótamati er nú tekið fullt tillit til hagsmuna váttryggingartakanna, þ.e. húseigenda, en jafnframt leitast við að fylgja meginreglum váttryggingarréttarins. Fyrir flutningsmönnum þessa frumvarps virðist einmitt slíkt hafa vakað, sbr. eftirfarandi orðrétt ummæli úr greinargerð frumvarpsins:

„Þá er einnig ljóst að þær vinnureglur sem settar hafa verið um mat á fyrningum húseigna og byggðar eru á ákvæðum 37. gr. laga um váttryggingarsamninga þurfa endurskoðunar við og eðlilegra að taka tillit til aldurs og ástands tryggðra mannvirkja í endurstofnverði þeirra þannig að eigendur viti hver staðan er hverju sinni“.


Þetta hefur gengið eftir, húseigandi veit nú nákvæmlega á hverjum tíma, hver er váttryggingarfjárhæð (brunabótamat) á eign hans, og hverra bóta sé að vænta, komi til altjóns. Hefur þessi réttarbót gengið eftir með áðurgreindum breytingum á lögum og reglugerð um brunatryggingar húsa.

4. Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um nýja grein í lög nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands varðandi upplýsingaskyldu Viðlagatryggingar, og í því efni sérstaklega vísað til ákvæða stjórnslu- og upplýsingalaga. Þetta nýja ákvæði sýnist með öllu óþarft. Viðlagatrygging Íslands fellur undir lög nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi, og er með starfsleyfi skv. þeim lögum. Um upplýsingaskyldu Viðlagatryggingar gagnvart tjonþolum fer því eftir meginreglum 56. gr. laga 60/1994.
5. Með vísan til framanritaðs leggst undritaður gegn því, að frumvarp þetta verði samþykkt. Brunabótamat er nauðsynlegt á meðan löggjafinn gerir að skyldu að váttryggja allar húseignir. Á hinn bóginn kæmi fyllilega til álita að varpa því fyrir róða, ef Alþingi félli frá þessari váttryggingarskyldu og

breytti lögum. Yrði þá váttryggingarfjárhæðin samkomulagsatriði váttryggingartaka (húseiganda) og váttryggingafélags rétt eins og almennt tíðkast í öðrum eignatryggingum. Tímabært gæti verið, að auka frelsi aðila í þessu efni. Það mun þó ekki vera tilgangurinn með því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, og skal því ekki frekað fjölyrt um það atriði.

Undirritaður er reiðubúinn að skýra sjónarmið sín til máls þessa ítarlegar, verði talin þörf á því.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson